

Ár 2010, fimmtudaginn 15. apríl, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 18/2010 kveðinn upp svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR

Með bréfi, dagsettu 19. mars 2010 kærir Þórir Halldórsson f.h. Skólavörðustígs 45 ehf., kt. 590299-3839, fasteignamat húseigna félagsins að Skólavörðustíg 45 og 46 í Reykjavík.

Um valdsvið Yfirfasteignamatsnefndar fer eftir 34. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Þar segir í 1. mgr. að hagsmunaaðilar geti kært niðurstöðu endurmats til Yfirfasteignamatsnefndar. Um endurmat fasteignamats sem Fasteignaskrá Íslands framkvæmir er fjallað í 31., 32. og 32. gr. a. laganna.

Samkvæmt gögnum sem nefndin aflaði frá Fasteignaskrá Íslands var þann 9. september 2009 í kjölfar athugasemda kæranda kveðinn upp úrskurður um endurmat tilkynnts fasteignamats Skólavörðustígs 45 vegna ársins 2010. Í þeim úrskurði er tekið fram að kæra megi úrskurðinn til Yfirfasteignamatsnefndar og að kærufrestur sé þrjú mánuðir. Samkvæmt upplýsingum Fasteignaskrár var fasteignamat Skólavörðustígs 45 og Skólavörðustígs 46 vegna ársins 2009 endurmetið með úrskurði þann 25. febrúar 2009.

Ekki er kveðið á um kærufrest í lögum nr. 6/2001 um fasteignamat og fasteignaskráningu og fer því um hann eftir 27. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þar segir í 1. mgr. að kæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg. Í 28. gr. stjórnslulaga er síðan kveðið á um hvernig með skuli fara þegar kæra berst að liðnum kærufresti en þar segir:

„Hafi kæra borist að liðnum kærufresti skal vísa henni frá, nema:

1. afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr, eða
2. veigamiklar ástæður mæla með því að kæran verði tekin til meðferðar.

Kæru skal þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.“

Forsenda kæru til Yfirfasteignamatsnefndar er að fyrir liggi ákvörðun Fasteignaskrár Íslands um endurmat sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 6/2001. Þar sem kærufrestir vegna ofanefndra endurmata eignanna voru löngu liðnir þegar kæra barst nefndinni þann 23. mars 2010 og ekki verður séð að undanþáguákvæði 28. gr. geti átt við ber að vísa kærinni frá nefndinni.

## Úrskurðarorð

Kæru Skólavörðustígs 45 ehf. er vísað frá Yfirfasteignamatsnefnd þar sem hún er of seint fram komin.

---

Pétur Stefánsson

---

Friðrik Már Baldursson

---

Guðný Björnsdóttir